

SK760 05 - 5 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlugvöll

Samþykkjandi: Forstöðumaður Flugverndar ÞOR

1 Aðgangsreglur á Keflavíkurlugvelli

Aðgangsreglur Isavia eru ætlaðar til upplýsinga fyrir einstaklinga og fyrirtæki er þurfa aðgang að haftasvæði Keflavíkurlugvallar. Aðgangsreglur þessar eru einnig birtar á heimasíðu Isavia.

Í aðgangsreglunum er að finna upplýsingar um aðgangsheimildir fyrir Keflavíkurlugvöll, hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hvaða gögnum þarf að skila til að mega starfa innan haftasvæðis flugverndar. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Isavia, í tölvupósti á passar@kefairport.is og í síma: 425-6028.

Reglurnar eru nánari útfærsla á gildandi lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum. eru reglurnar samdar með tilliti til núgildandi laga um loftferðir og reglugerðar um flugvernd.

2 Um aðgangsheimildir

Allir sem starfa á haftasvæði flugverndar á Keflavíkurlugvelli eða eiga þangað lögmætt erindi skulu hafa gilda aðgangsheimild. Lögmætt erindi er þegar einstaklingur þarf aðgang vegna vinnu, þjálfunar eða í upplýsinga- eða menntunarskyni. Aðgangsheimild skal vera sýnileg öllum stundum á meðan dvalið er innan haftasvæðis.

Aðgangsheimildir eru tvenns konar: Almenn aðgangsheimild fyrir einstaklinga og ökutæki og gestaleyfi fyrir einstaklinga og ökutæki - sjá nánar í kafla 6.

3 Um ábyrgð og hlutverk ábyrgðaraðila.

Fyrir hönd vinnuveitanda staðfestir ábyrgðaraðili að upplýsingar í umsókn séu réttar og nauðsynleg gögn fylgi með umsókn ásamt því að umsækjandinn sé til þess hæfur að starfa á því svæði sem sótt er um aðgang að.

4 Aðgangsheimild fyrir einstaklinga og ökutæki

Aðgangsheimildir fyrir einstaklinga og ökutæki eru útgefnar fyrir starfsmann fyrirtækis sem er með starfsemi á flugvellingum eða einstakling er þarf starfs síns vegna aðgang að haftasvæði flugverndar. Skilgreindur ábyrgðarmaður fyrirtækis ber ábyrgð á að sækja um fyrir hönd starfsmanns síns.

a. Umsókn um aðgangsheimild fyrir einstaklinga og ökutæki

Skilgreindur ábyrgðarmaður fyrirtækis sækir um aðgangsheimild fyrir einstaklinga og ökutæki með rafrænum hætti á [vefsíðu Isavia](http://vefsíðu.isavia). Sjá nánar um aðgangsheimildir ökutækja í kafla 7a.

b. Bakgrunnsathugun lögreglu

Áður en almenn aðgangsheimild er gefin út þarf að liggja fyrir jákvæð niðurstaða úr bakgrunnsathugun lögreglu.

c. Þjálfun handhafa aðgangsheimilda

Áður en almenn aðgangsheimild er gefin út skal einstaklingur ljúka námskeiði og prófi um flugverndar- og öryggisvitund og vinnuvernd.

d. Skil á almennum aðgangsheimildum

SK760 05 - 5 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Samþykkingandi: Forstöðumaður Flugverndar ÞOR

Aðgangsheimild starfsmanns skal skilað af ábyrgðaraðila eða starfsmanni til Passaútgáfu Isavia þegar:

- um starfslok er að ræða
- gildistími aðgangsheimildar rennur út, eða
- aðgangsheimild er afturkölluð eða Isavia óskar þess vegna brota á reglum.

e. Endurnýjun eða breyting aðgangsheimilda

Sótt er um endurnýjun og breytingu á aðgangsheimild á rafrænan hátt á vefsíðu Isavia þegar:

- gildistími aðgangsheimildar er að renna út
- þörf fyrir aðgang að svæðum sem heimild hefur verið gefin fyrir breytist
- skipt er um vinnuveitanda

f. Glötuð aðgangsheimild

Ef aðgangsheimild glatast skal tilkynna það tafarlaust til Passaútgáfu í síma 425-6028 eða á netfangið passar@kefairport.is. Ef glötuð aðgangsheimild finnst skal skila henni tafarlaust til flugverndarstarfsmanns.

g. Gildistími aðgangsheimilda

Gildistími almennra aðgangsheimilda er allt að 5 ár.

5 Bráðabirgðaheimild fyrir starfsfólk

Í vissum tilfellum getur komið upp þörf fyrir útgáfu bráðabirgðaaðgangsheimildar fyrir starfsfólk. Sú heimild veitir ekki rafrænan aðgang heldur auðkennir hvaða svæði viðkomandi má fara inn á.

6 Gestaleyfi (bráðabirgðaheimild)

Gestaleyfi eru gefin út fyrir einstakling sem þarfnast aðgangs að haftasvæði flugverndar í stuttan tíma og þarf viðkomandi ávallt að vera í fylgd fylgdarmanns sem er með gilda almenna aðgangsheimild.

Einstaklingur með gilda aðgangsheimild getur óskað eftir heimild til að fylgja aðila inn á svæðið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sjá hér að neðan. Um getur verið að ræða gest fyrirtækis, verktaka eða annarra sem eiga lögmætt erindi inn á svæðið.

Fylgdarmaður ber fulla ábyrgð á gesti sínum og skal ávallt hafa hann í sjónlínu og fylgja honum á meðan dvalið er innan haftasvæðis flugverndar. Fylgdarmaður skal sjá til þess að gestur hans brjóti ekki flugverndarreglur flugvallarins eða aðrar gildandi reglur.

Skilgreindur ábyrgðaraðili fyrirtækis skal sækja um stöðu fylgdarmanns fyrir hönd síns starfsmanns.

Áður en einstaklingur getur fengið heimild til fylgdar skal hann ljúka námskeiði um ábyrgð og skyldur fylgdarmanns.

Einstaklingi með fylgdarheimild er heimilt að fylgja allt að fimm (5) gestum í einu.

Einstaklingi er heimilt að ábyrgjast fleiri gesti í rútu en skilyrði er að gestirnir yfirgefi ekki rútna á meðan ekið er innan viðkvæmasta haftasvæðis flugverndar. Stjórnendum flugverndardeildar er heimilt að veita undanþágu frá fjölda gesta á hvern ábyrgðarmann ef sérstakar ástæður liggja að baki.

SK760 05 - 5 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurlugvöll

Samþykkjandi: Forstöðumaður Flugverndar ÞOR

Gestur í boði fyrirtækis eða stofnunar með starfsemi innan haftasvæðis flugverndar getur fengið tímabundinn aðgang með gildistíma þann tíma sem heimsóknin stendur yfir en þó í að hámarki 15 daga. Mögulegt getur verið að heimila að framlengja gestaleyfi umfram 15 daga ef sérstakar ástæður liggja að baki.

a. Umsókn um gestaleyfi og bráðabirgðaheimild starfsfólks

Sækja skal um gestaleyfi gesta með rafrænum hætti á [vefsíðu](#) Keflavíkurlugvallar. Komi upp aðstæður þar sem starfsmaður þarf á bráðabirgðaheimild að halda skal sækja um aðgang í gátstöð.

7 Aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar

Aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar er gefin út ef sýnt er fram á lögmætt erindi og nauðsyn notkunar vegna starfsemi aðila á flugvöllinum.

a. Almennar aðgangsheimildir fyrir ökutæki og vinnuvélar

Sótt er aðgangsheimild fyrir ökutæki með rafrænum hætti á heimasíðu Keflavíkurlugvallar.

Ökutæki og vinnuvélar sem eru aðeins notaðar innan flugvallargirðingar og hafa ekki leyfi til aksturs á opinberum vegum er undanþegin aðgangsheimild að því tilskildu að þau séu greinilega merkt að utanverðu sem ökutæki sem notuð eru við starfsemina á Keflavíkurlugvelli.

Aðgangsheimild skal geymd á sýnilegum stað neðst á framrúðu.

Hver sá sem þarf að aka inni á flugvöllinum þarf að ljúka viðeigandi akstursleyfi. Akstursleyfin eru svæðaskipt.

b. Gestaleyfi (bráðabirgðaheimild) fyrir ökutæki og vinnuvélar

- Sótt er um gestaleyfi fyrir ökutæki með rafrænum hætti á heimasíðu Keflavíkurlugvallar.
- Tryggja skal að notkun ökutækisins byggji á lögmætu erindi og sé réttlætanlegt á haftasvæði flugverndar.
- Gestaleyfi ökutækja gildir í 24 klukkustundir en mögulegt er að framlengja í 15 daga ef sérstakar ástæður liggja að baki.
- Gestaleyfi fyrir ökutæki er ekki veitt einstaklingi sem sjálfur er með gestaleyfi.
- Gestaleyfi fyrir ökutæki skal geymd á sýnilegum stað ofan á mælaborði.

c. Þjálfun og gildistími handhafa aksturleyfa

Fyrir hvert akstursleyfi þarf að ljúka námskeiði, verklegri kennslu og hæfnismati. Akstursleyfi þarf að endurnýja á sama tíma og starfsmaður klárar endurmenntun flugverndarvitundar. Gildistími er að hámarki fimm ár.

8 Viðurlög

Við brot á aðgangsreglum þessum er send formleg viðvörðun til ábyrgðaraðila þar sem fram koma upplýsingar um brotið og þann einstakling sem brotið varðar.

Við endurtekin eða meiriháttar brot er viðkomandi einstaklingi gert að sækja viðeigandi endurmenntun en einnig er heimilt að svipta einstakling aðgangsheimild tímabundið eða að fullu. Ákvörðun um sviptingu

SK760 05 - 5 Aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll

Samþykkingandi: Forstöðumaður Flugverndar ÞOR

skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum áður en ákvörðun er tekin.

9 Skilgreiningar

Aðgangseftirlit/aðgangsstýring: Beiting aðgerða til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila og/eða óleyfilegra ökutækja.

Aðgangsheimild: Almenn aðgangsheimild er gefin út sem aðgangskort með mynd og upplýsingum um viðkomandi. Almenn aðgangsheimild er gefin út til þeirra sem eiga lögmætt erindi inn á haftasvæði flugverndar.

Aðgangsheimild fyrir ökutæki: Aðgangsheimild er gefin út fyrir ökutæki til þeirra sem eiga lögmætt erindi og nauðsyn notkunar þess vegna starfsemi aðila á flugvöllinum.

Ábyrgðaraðili: Sá aðili fyrirtækis sem hefur starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem hefur yfirumsjón með aðgangi starfsfólks fyrirtækisins inn á haftasvæði flugvallarins.

Almenningsvæði: Þeir hlutar flugvallar, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þeim sem eru ekki flugsvæði.

Bakgrunnsathugun: Athugun lögreglu á því hver einstaklingur er og upplýsingar um sakaferil hans, s.s. afbrotaserill og mati á því hvort óhætt er að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar og viðkvæmum trúnaðarupplýsingum um flugvernd.

Bráðabirgðaleyfi starfsmanns: Í atvikum þar sem einstaklingur með gilda aðgangsheimild en er ekki með hana meðferðis getur fengið útgefna Gestaleyfi og dvalið innan haftasvæðis flugverndar án fylgdar ábyrgðarmanns.

Gestaleyfi: er ætluð aðilum sem þurfa aðgang að haftasvæði flugverndar í stuttan tíma.

FLE: Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Flugsvæði: Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu þar sem aðgangur er takmarkaður.

Gátstöð: Inngangur annara en farþega inn á haftasvæði Keflavíkurflugvallar.

Haftasvæði flugverndar: Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningflug, s.s. brottfararsvæði farþega, svæði milli gátstöðvar og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvallarbirgðir.

Lögmætt erindi: Erindi telst lögmætt þegar einstaklingur þarf sannarlega aðgang að haftasvæði flugverndar s.s. vegna vinnu hjá fyrirtæki með starfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Lykilkort áhafna flugrekanda: Sérstök lykilkort eru gefin út af hálfu Isavia til handa áhöfnum flugrekanda sem veitir aðgang að tilgreindum hurðum í FLE.

Umboð til undirskrifta: Tilnefndur ábyrgðarmaður viðkomandi fyrirtækis hefur umboð til undirskrifta á umsókn um aðgangsheimild eða tilnefnir þá sem hafa umboð til undirskrifta fyrir hönd viðkomandi fyrirtækis